

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá Sýslumannafélagi Íslands, Fjarðabyggð og sýslumanninum í Bolungarvík.

Í frumvarpinu er lagt til að embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður og með því fækki stjórnarsýsluumdæmum sýslumanna úr 27 í 26. Er gert ráð fyrir að stjórnarsýsluumdæmi sýslumannsins á Eskifirði verði stækkað sem þessu nemur með breytingu á reglugerð nr. 57/1992, um stjórnarsýsluumdæmi sýslumanna. Nefndin lítur svo á að með þessari breytingu sé ekki verið að skerða þjónustu við íbúa Neskaupstaðar, enda kemur fram í greinargerð að þótt embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður er gert ráð fyrir að þar verði áfram rekin skrifstofa sýslumanns og útibú lögreglu.

Þá er lagt til í frumvarpinu að lögunum verði breytt til samræmis við sameiningu Kjalar-neshrepps og Reykjavíkur, sbr. auglýsingu nr. 231/1998.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykktur álitni þessu.

Alþingi, 22. nóv. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir,
varaform., frsm.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Hjálmar Jónsson.

Lúðvík Bergvinsson.

Katrín Fjeldsted.

Sverrir Hermannsson.

Ásta Möller.

Ólafur Örn Haraldsson.

Helga Guðrún Jónasdóttir.

Prentað upp.